

Sp. 102. Tillaga til þingsályktunar

um ákvörðun sérstaks timareiknings.

Frá Jóhanni Jósefssyni, Finni Jónssyni og Páli Zóphóníassyni.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að neyta heimildar laga nr. 8 16. febr. 1917 til þess að ákveða með reglugerð, að klukkan verði færð fram um eina stund frá svonefndum íslenskum meðaltíma og verði 1 klukkustund og 28 mínútum á undan miðtíma Reykjavíkur á tímabilinu frá 2. sunnudegi í apríl til 1. sunnudags í október.

Greinargerð.

Tillaga þessi er flutt í því skyni, að gefa mönnum kost á að njóta betur sólar heldur en almennt er nú, með þeim timareikningi, er tíðkast hér á landi. Mun almennur áhugi fyrir þessu, og hafa raddir komið fram um það í flestum blöðum landsins.

Flutningsmenn hafa snúið sér til póst- og símamálastjóra og fengið hjá honum upplýsingar þær um búmannsklukku í öðrum löndum, er felast í fylgiskjalinu hér á eftir.

Fylgiskjal.

PÓST- OG SÍMAMÁLASTJÓRNIN

Reykjavík, 18. marz 1939.

Í tilefni af fyrirspurn yðar í gær leyfi ég mér að skýra frá eftirfarandi:

Í ýmsum löndum, einkum þar sem lengd dags og nætur er mjög misjöfn, þykir hentugt að færa almennan starfstíma til, þannig að hann byrji nokkru fyrir að sumri en að vetri. En af því að allur þorri manna bindur lífshætti sína við vissar klukkustundir og ákvæði um starfstíma manna eru almennt bundin við sömu ákveðnu klukkustundirnar allt árið, þá þykir auðveldast að færa starfstímann til með því að flýta klukkunni að sumrinu og halda hnattstöðutíma að vetrinum (sbr. summer time, daylight saving time etc.).

Þessi lönd flýttu klukkunni síðastliðið sumar: Bretland og Írland, Frakkland, Belgía, Holland, Luxembourg, Finnland, Spánn og Portugal, Grikkland, Rúmenía, Bandaríkin og Canada í Ameríku. Ennfremur nokkur önnur fjarlæg lönd.

Ekki verður séð, að það þurfi að valda neinum sérstökum truflunum að því er snertir rekstur pósts og síma, þótt klukkunni sé flýtt á sumrin. Ef til þess kæmi, væri sennilega hentugt, að klukkunni yrði flýtt 2. sunnudag í apríl og seinkað aftur 1. sunnudag í október, eins og nú er gert í Bretlandi.

Þess skal getið, að íslenskur tími er 28 mín. á undan réttum hnattstöðutíma í Reykjavík og 4 mín. á eftir hnattstöðutíma á Seyðisfirði, en 1 stundu á eftir Greenwich-tíma og 2 stundum á eftir Mið-Evróputíma. Þetta þýðir, að þegar kl. er 12,00 á hádegi (samkv. meðaltíma Íslands), er rétt klukka (þ. e. hnattstöðuklukka) í Reykjavík 11,32 og á Seyðisfirði 12,04, í Englandi 13,00 og í Mið-Evrópu 14,00.

G. J. Hliðdal.